



Samtök sveitarfélaga á
höfuðborgarsvæðinu

Bæjarráð Mosfellsbæjar
Regína Ásvaldsdóttir
Mosfellsbær, Þverholti 2
270 Mosfellsbæ

Kópavogur, 29. apríl 2024
Málsnr. 2303014

Efni: Framtíðarstaðsetning skotíþróttar – beiðni um tilnefningu í starfshóp

Á 126. fundi Svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins þann 12. apríl 2024 var framangreint til umræðu og eftirfarandi bókað í fundargerð:

Framtíðarstaðsetning skotíþróttar - tillaga að stofnun starfshóps

Framhald frá 124. fundi þar sem kynnt voru drög að erindisbréfi vegna stofnunar starfshóps um verkefnið. Fyrirliggjandi er tillaga formanns að nefndin veiti umboð til að hefja verkefnið og óska eftir tilnefningum í fyrirhugaðan starfshóp.

Niðurstaða fundar:

Samþykkt. Þá er svæðisskipulagsstjóra falið að bjóða Skotvís þátttöku í starfshópi og að breyta erindisbréfi til samræmis.

Lýsing á störfum starfshóps

Meðfylgjandi er erindisbréf dags. 12. apríl 2024. Hlutverk starfshópsins er samkvæmt því að gera tillögu að framtíðarstaðsetningu íþróttamiðstöðvar skotíþróttar á höfuðborgarsvæðinu eða nánasta umhverfi þess. Hópurinn verði skipaður kjörnum fulltrúum, einum aðal og einum til vara, tilnefndum af sveitarfélögum þar sem staðarvalkostir koma til álita: Mosfellsbær, Hafnarfjarðarbær, sveitarfélagsins Voga og sveitarfélagsins Ölfuss. Þá verði einnig fulltrúar tilnefndir af Skotíþróttasambands Íslands og Skotveiðifélagi Íslands (Skotvís)einn aðal og einn til vara. Formaður svæðisskipulagsnefndar verði formaður hópsins. Samtals verði 7 manns í starfshópnum.

Með hópnum starfi sérfræðingar sveitarfélaga og fulltrúi frá skrifstofu SSH. Þá starfi með hópnum aðkeyptur verkefnastjóri og aðrir ráðgjafar eftir þörfum. Miðað er við að hópurinn ljúki störfum fyrir lok árs 2024 og afhendi svæðisskipulagsnefnd tillögur sínar.

Beiðni um meðferð á vettvangi sveitarfélaga:

- Óskað er eftir því að erindisbréf verði tekið til efnislegrar umræðu.
- Óskað er eftir að sveitarfélag tilnefni einn kjörinn fulltrúa til þátttöku í stýrihóp og einn til vara.

Annað

- Bent er á ákvæði 28. gr. laga nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna: Þátttaka í nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum hins opinbera.
- Gert er ráð fyrir að fyrsti fundur stýrihóps verði haldinn í vikunni 27. – 31. maí.

Er þess óskað að upplýsingar um afgreiðslu sveitarfélaganna og Skotíþróttasambands Íslands samkvæmt framangreindu berist á netfangið ssh@ssh.is. Sé frekari kynningar óskað skulu beiðnir þess efnis jafnframt sendar á netfangið ssh@ssh.is.

Virðingafyllt,

Jón Kjartan Ágústsson, Svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins

Meðfylgjandi:

1. Erindisbréf dags. apríl 2024

Bréf þetta er sent til Mosfellsbæjar, Hafnarfjarðarbæjar, sveitarfélagsins Voga, sveitarfélagsins Ölfuss, Skotíþróttasambands Íslands og Skotveiðifélags Íslands (Skotvís).